

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar  
Sigríður Hrefna Pálsdóttir  
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi  
605 Akureyri

Reykjavík, 25. maí 2022  
UST202204-133/A.B.  
10.04.00

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og deiliskipulag fyrir Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 13. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og deiliskipulagi fyrir Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit.

Í erindinu kemur fram að markmið verkefnisins er að marka heildstæða stefnu fyrir uppbyggingu og þróun Hrafnagilshverfis til lengri tíma litið. Í aðalskipulagstillögunni felst að í landi Grísarár eru skilgreind ný íbúðarsvæði meðfram Eyjafjarðarbraut og í brekkunni ofan núverandi byggðar auk þess sem athafnasvæði er skilgreint á lóð gömlu Garðyrkjustöðvarinnar á Grísará. Auk þess er skilgreint íbúðarsvæði á óbyggðu svæði milli Laugarborgar og Reykár.

Auk þess segir að í deiliskipulagstillögunni séu skilgreindar íbúðarlóðir fyrir 88 til 93 nýjar íbúðir sem skiptast í 41 einbýlishús, 27 til 32 íbúðir í raðhúsum og 20 íbúðir í fjölbýlishúsum, þar af 12 íbúðir fyrir aldraða í viðbyggingu við fyrrum heimavist Hrafnagilsskóla. Í deiliskipulagstillögunni er einnig mörkuð stefna um yfirbragð byggðar, stíga- og götakerfi og útivistarsvæði. Gert er ráð fyrir nýrri íbúðargötu sunnan Skólatraðar, auk þess sem ráðgert er að breyting verði á tengingu Ártraðar og Bakkatraðar við götakerfi hverfisins.

#### **Fossar**

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er foss sem nefnist Reykáfoss. Auk þess er Bæjarfoss sunnan við skipulagssvæðið.

Fossar falla undir b. lið 2. mgr. í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir að vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki. Að mati Umhverfisstofnunar getur skógrækt á svæðinu haft neikvæð umhverfisáhrif á fossana.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarnnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á skv. ákvæði laganna að í tillögunni verði fjallað um fossana, það komi fram að þeir falli undir ákvæði laganna og einnig hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á fossunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógrækt og önnur uppbygging mannvirkja í tengslum við útivistarsvæðið raski ekki ásýnd svæðisins.

### **Aðgengi meðfram ám**

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14 um skipulag við vötn ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými meðfram ánum á skipulagssvæðinu svo að útivistargildi skerðist ekki.

### **Bakkagróður**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett séu inn skilyrði sem eru í samræmi við ákvæði laganna.

### **Stjórn vatnamála**

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl sl. á grunni laga nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (straumvötn, stöðuvötn, árosavatn, strandsjó, lón og jökla) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns, sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga því að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar, sem hér um ræðir, er vatnshlotið Eyjafjarðará 1 sem hefur vatnshlotsnúmerið 102-1649-R. Í úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands og Veðurstofu Íslands árið 2019<sup>1</sup> var settur fram listi yfir þau vatnshlot sem eru líklegust til að vera undir álagi frá landbúnaði og er þar Eyjafjarðará 1 á lista yfir 20 vatnshlot sem hæst röðuðust í þessari greiningu, annars vegar með mesta fjölda kýrigilda og hins vegar mesta þéttleika kýrigilda.

Ekki hefur farið fram vöktun á gæðapáttum í ánni á vegum stjórnar vatnamála en líklegt er að það verði gert á næstu árum. Á meðan ástand vatnshlotsins er ekki þekkt er mikilvægt að gæta þess að auka ekki enn frekar á það álag sem þegar er til staðar.

### Fráveita

Í greinargerð kemur fram í kafla 2.12.2: „Fráveita. Núverandi staða fráveitukerfis og rotþróar norðaustan Bakkatúns skal könnuð auk ástands annarra rotþróa í samræði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Nánari upplýsingar og aðgerðaráætlun verður færð inn fyrir samþykkt skipulagsins. Fráveitukerfi Hrafnagilshverfis skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og samþykkt um hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit sem gildir frá 1. jan. 2002. Stefnt er að því að fráveitumál í hverfinu verði komin í gott lag í samræmi við ákvæði reglugerða eigi síðar en mánuður/ár? Nýjar byggingar skulu tengjast núverandi fráveitukerfi og rotþró. Stefnt er að fráveitukerfi með X rotþró og hreinsun í samræmi við reglugerð. Lóðarhafar/húseigendur bera allan hugsanlegan aukakostnað af tengingum frárennslislagna við uppgefna tengikóta fráveitu t.d. vegna frávíka frá uppgefnum hæðarkótum.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hver staða fráveitumála er í Hrafnagilshverfi, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja, hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur og hver tímarammi þeirra endurbóta sé. Erfitt er að gefa umsögn um málaflokkinn þegar upplýsingar skortir. Auk þess ætti að koma fram hver viðtaki skólps er og ástand hans.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið sjái til þess að hreinsun fráveituvatns verði sem fyrst í samræmi við lög og reglugerðir en samkvæmt greinargerð deiliskipulags er ekki ljóst hvert ástand fráveitu er eða hvert fyrirkomulagið verður. Í deiliskipulagi skal setja fram ætlaða staðsetningu fráveitumannvirkja sem virðist eiga að vera eitt fyrir miðju byggðarinnar. Ekki er ljóst hvort til standi að fjarlægja eldri hreinsivirki og færa alla fráveitu í eina hreinsistöð. Gæta skal þess að gera strax ráð fyrir hreinsun á fráveituvatni í skipulagi en ekki eftirá en slíkt getur aukið kostnað íbúa og sveitarfélags. Fráveitukerfi og hreinsun þarf að vera tilbúin þegar uppbygging hefst til að koma í veg fyrir mengun í viðtaka. Eins og áður sagði er losun fráveituvatns líklega í vatnshlotið Eyjafjarðará 1 sem er þegar undir töluverðu álagi frá landbúnaði og því skal gæta þess að óhreinsað skólp auki ekki á það álag.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp skal hreinsa skólp með tveggja þrepa hreinsun frá einstaka húsum og þegar losun er í ferskvatn. Rotþró ein og sér er ekki fullnægjandi hreinsun heldur þarf siturbeð með eða notast við annars konar tilbúin hreinsivirki sem uppfyllir þá kröfu (sbr 14. mgr. 3. gr.).

Afar ánægjulegt er að gert er ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum sem bæði dregur úr kostnaði við fráveituframkvæmdir og rekstur og er sjálfbærari lausn. Þá má benda á að

<sup>1</sup> <http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/NI-19011.pdf>

ofanvatn, sem kemur af götum myndi þurfa að fara í gegnum settjörn áður en það er losað út í viðtaka en slíkt á þó ekki við annað yfirborðsvatn t.d. af húspökum ef hagkvæmara væri að aðskilja þá strauma. Umhverfisstofnun bendir einnig á möguleika við sjálfbærari lausnir eða náttúrumiðaðar lausnir (Nature Based Solutions) við hreinsun á fráveituvatni sem hægt væri að skoða.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að mikilvægt er að gæta þess að atvinnurekstur setji upp hreinsun við eigin rekstur eftir því sem við á (t.d. rekstur sem losar mengandi fráveituvatn eða fitu) sem getur skaðað viðtaka skólpsins og hreinsivirki sveitarfélagsins og aukið kostnað þess (sbr. 25 og 26 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp og viðkomandi starfsleyfi).

### **Hljóðmengun**

Þar sem fyrirhuguð Eyjafjarðarbraut mun liggja nærri íbúðabyggð (t.d. ÍB7) telur Umhverfisstofnun æskilegt að hljóð- og loftmengun sé metin frá umferð.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í forsendum sé fjallað um áætlaðan fjölda bíla sem muni fara um nýja Eyjafjarðarbraut og leyfilegan hámarkshraða.

Auk þess telur stofnunin mikilvægt að í greinargerð komi fram að það sé tryggt að hljóðstig fari ekki yfir viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða nr. 724/2008.

### **Loftmengun**

Umhverfisstofnun telur æskilegt að unnið sé dreifilíkan sem sýnir ársmeðaltal mengunarefna á fyrirhuguðum íbúðarsvæðum í nágrenni vegarins. Æskilegt er að reikna styrk NO<sup>2</sup> og svifryks á þessum svæðum, bæði ársmeðaltal og hugsanlegan fjölda skipta á ári yfir mörkum. Umhverfisstofnun bendir á að til að fá marktæk gildi fyrir svifryk er ekki nægjanlegt að reikna eingöngu svifryk sem kemur frá útblæstri bíla heldur þarf einnig mögulegt ryk frá vegyfirborði að felast í útreikningi um svifryk.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að loftmengun á svæðinu fari ekki yfir viðmiðunarmörk, sbr. viðauka I, reglugerðar nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og styrk ósons við yfirborð jarðar.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029*, þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*